
1992 nr. 61 1. júní

Lög um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi

■ **1. gr.** Óheimilt er að brenna sinu nema á jörðum sem eru í ábúð eða nýttar af ábúendum lögþýla og þá samkvæmt leyfi sýslumanns og að fylgt sé ákvæðum í reglugerð, sbr. 4. gr.

■ **2. gr.** Aldrei má brenna sinu þar sem almannahætta stafar af eða tjón getur hlotist af á náttúruminjum, fuglalífi, mosa, lyng- eða trjágróðri og mannvirkjum.

■ **3. gr.** Ábúendur jarða geta einir fengið leyfi til að brenna sinu á jörðum, sbr. 1. gr., enda sé það gert fyrir 1. maí ár hvert að uppfylltum skilyrðum í reglugerð, sbr. 4. gr. Eftir þann tíma er hvarvetna óheimilt að brenna sinu. Þó getur sýslumaður, að höfðu samráði við umhverfisráðuneytið, ákveðið aðra dagsetningu ef sérstakar veðurfarslegar ástæður gefa tilefni til.

■ **4. gr.** Í reglugerð¹⁾ sem umhverfisráðherra setur að fenginni umsögn [Bændasamtaka Íslands]²⁾ og [Náttúruverndar

ríkisins],³⁾ skal mælt fyrir um hver skilyrði ábúanda, sbr. 3. gr., skuli sett, m.a. um skyldu til að tilkynna hlutaðeigandi slökkviliðsstjóra, eftirlit með brennu og annað sem nauðsynlegt þykir.

¹⁾ Rg. 157/1993, sbr. 273/1994. ²⁾ L. 73/1996, 27. gr. ³⁾ L. 44/1999, 79. gr.

■ **5. gr.** Óheimilt er að kveikja eld á víðavangi þar sem almannahætta getur stafað af eða hætt er gróðri, dýralffi eða mannvirkjum.

□ Skylt er hverjum þeim sem ferðast um að gæta ýtrstu varkární í meðferð elds.

□ Sá sem verður þess var að eldur er laus á víðavangi skal svo fljótt sem auðið er gera aðvart umráðamanni lands eða hlutaðeigandi yfirvaldi.

■ **6. gr.** Sá sem veldur tjóni með sinubrennu eða meðferð elds á víðavangi þannig að saknæmt sé ber fébótaábyrgð á því tjóni sem af hlýst.

■ **7. gr.** Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerð samkvæmt þeim skal farið að hætti opinberra mála.

■ **8. gr.** Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum.

■ **9. gr.** Lög þessi öðlast gildi þegar í stað . . .